

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1186 Fjallalax - Hallkelshólar	Hallkelshólum 801 Selfoss	Matthew Chernin Stöðvarstjóri			
TilEfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	29.6.2023	30.6.2023	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 10 skoðunatriða af 20. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)	

Niðurstaða eftirlits

Tveir eftirlitsmenn Matvælastofnunar fóru í reglubundið eftirlit hjá Fjallalax að Hallkelshólum. Farið var yfir gæðapappíra og skráningar en kallað var eftir þeim rafrænt áður en eftirlit var framkvæmt í eldisstöð. Farið var í eftirlit í eldisstöðinni 29. júní 2023 og farið yfir vankanta í gæðapappírnum og skráningum. Síðan var gengið um stöðina og fiskheldni og búnaður skoðaður.

Ekki var til staðar fullnægjandi þjálfunarskrá starfsmanna og nýliðþjálfun hafði ekki farið fram. Sannprófun var ekki fullnægjandi en ýmsa þætti hennar vantaði auk þess sem sannprófunarhópurinn var ekki óháður, stöðvarstjóri undirritaði ekki sannprófunina og engin tímasett úrbótaáætlun fylgdi sannprófuninni. Verulegar endurbætur hafa orðið á stöðinni síðustu misserin til hins betra og áframhaldandi áform lofa góðu. Starfsmenn Matvælastofnunar koma í eftirfylgni eftirlit 4. október 2023

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Fjallalax - Hallkelshólar
Hallkelshólum
801 Selfoss
Staða: Í gildi
Kennitala: 6708090720

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Matthew Carl Voll Chernin

matthew@arnarlax.is

Stöðvarstjóri

Silja Baldvinsdóttir

6167815

silja@arnarlax.is

Gæðastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 09.09.2022

Í lagi

Frávik síðasta eftirlits:

Laga þarf nokkur niðurföll í eldissal, þ.e.a.s. útbúa þarf fastar ristar yfir þau. Sum niðurfallana eru opin en öðrum hefur verið lokað með lausri málmplötu.

Þetta atriði var búið að lagfæra fyrir þetta eftirlit.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 09.09.2022

Alvarlegt frávik

Frávik síðasta eftirlits:

Vantar þjálfunarskrá vegna stroks. Rekstrarleyfishafi skal tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim.

Eftirlit 29/6 '23: Þjálfunarskrá og nýliðþjálfun starfsmanna ekki fullnægjandi. Eftirfarandi þættir þurfa að koma fram:

Þjálfunarskrá starfsmanna – fyrir alla starfsmenn þar sem tilgreind er hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið og hvaða verþættir starfsmaður þarf að tileinka sér:

- Að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun
- Að lágmarka umhverfisáhrif
- Að tryggja velferð eldisdýra
- Árlegur fundur með öllum starfsmönnum

fiskeldisstöðvar þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttöku skal skrá í þjálfunarskrá.

Nýliðþjálfun

- Kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis
- Varnir gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir strok
- Viðbrögð við stroki
- Meðhöndlun eiturefna þegar við á

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 09.09.2022

Alvarlegt frávik

Frávik síðasta eftirlits:

Sannprófun vantar. Verklag þarf að vera til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega og eigi sjaldnar en árlega, þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók fiskeldisstöðvar. Sjá nánar í viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Eftirlit 29/6 '23:

Innri úttekt – sannprófun

- Verklag til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók
- Sannprófunarhópur – óháður, - **vantar**
- Sannprófað árlega
- Sannprófað eftir stök eða önnur alvarleg óhöpp
- Sannprófað eftir verulega breytingar á rekstri fiskeldisstöðvar
- Gátlisti sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa

- A.m.k. alla kafla gæðahandbókar - **vantar**
- Merkt við hvort atriði séu í lagi eða ekki
- Allar skráningar á innra eftirliti - **vantar**
- Var fyrirbyggjandi ráðstöfunum fylgt varðandi:
- Viðhald á eldisstöðinni - **vantar**
- Þjálfun starfsmanna - **vantar**
- Verklagsreglur - **vantar**
- Var viðbragðsáætlunum framfylgt? - **vantar**
- Var eftirlit og úrbætur í samræmi við innra eftirlit? - **vantar**
- Var ástæða til að breyta þeim viðmiðunum? - **vantar**
- Voru fullnægjandi úrbætur gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila (T.d. UST og MAST)? - **vantar**
- Úrbætur og skráning:
- Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar - **vantar**
- Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur - **vantar**

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 29.06.2023

Frávik

Ekki til staðar viðbragðsáætlun vegna massadauða vegna sjúkdóma og umhverfisástands.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)		

Vigdís Sigurðardóttir
vigdis.sigurdardottir@mast.is
Sérfræðingur
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókváeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.